

Skólaráð

Þriðjudaginn 25. febrúar 2020

Mættir: Jón Ragnar formaður foreldrafélagsins, Guðrún kennari, Jóhanna kennari, Berglind nemandi, Dominik nemandi, Rakel nemandi, Elsa fulltrúi nærsamfélags, Guðjón aðstoðarskólastjóri og Eva Björk skólastjóri. Fjarverandi: Kristjana fulltrúi stjórnar foreldrafélagsins.

1. Skóladagatal 2020 - 2021

Eva Björk lagði fram skóladagatal fyrir skólaárið 2020 – 2021 og fór yfir helstu daga eins og uppbrotsdaga, skerta nemendadaga og skipulagsdaga. Skóladagatalið var samþykkt af öllum.

2. Námskeið Hugarfrelsis

Eva Björk sagði frá því að starfsfólk skólans væri að fara á námskeiðið Hugarfrelsi 26. febrúar. Fyrirhugað er að innleiða efnið í kennslu með nemendum.

3. Árshátíð nemenda

Eva Björk sagði frá því að árshátíð skólans væri seinnipart dagana 1. og 2. apríl. Stjórnendur hafa rætt við stjórnendur Sandgerðisskóla um sameiginlegt diskótek nemenda í 7. – 10. bekk eftir árshátíð þeirra. Fyrirhugað er að vera með diskótek í Sandgerðisskóla. Það líst öllum vel á þetta framtak. Stjórnendur munu kynna nemendum þetta næstu daga.

4. Skólalóð og stækkun skólans.

Eva Björk sagði frá því að það hefur verið ákveðið að setja ærslabelg á skólalóðina við sundlaugina. Í sumar verður svo aðkoma að skólanum kláruð. Stjórnendur hafa rætt við bekkina og fengið hugmyndir frá þeim um hvað þau vilja sjá á skólalóðinni. Fyrirhugað er að byrja á stækkun skólans að ípróttahúsi í sumar.

5. Vorhátíð

Eva Björk sagði frá því að það væru skiptar skoðanir meðal starfsfólks um hvort það ætti að halda áfram með vorhátíð og hvort það ætti að halda áfram að vera með tombólu. Fulltrúar nemenda á fundinum sögðu að þau væru mjög ánægð með vorhátíðina og þeim fannst öllum tombólan frábær. Fulltrúar foreldra voru líka jákvæðir gagnvart hátíðinni.

6. Önnur mál

A. Það kom fyrirspurn um fótboltavöllinn. Hvort hann yrði færður. Eva Björk sagði frá því að stjórnendur hefðu beðið um að fótboltavöllurinn yrði færður framan við sundlaugina en fengið þau svör að það væri mjög dýrt.

B. Umræða um sölu á t.d. samlokum, skyri o.fl. í skólanum. Hvort það væri vert að skoða það sem fjáröflun fyrir 10. bekkjarferð. Fulltrúum nemenda á fundinum fannst það góð hugmynd.

C. Jón Ragnar sagði frá því sem foreldrafélagið hefði boðið upp á í vetur. Krissi lögga var með fyrirlestur fyrir nemendur og foreldra. Jólaföndur (perlur og piparkökuskreytingakeppni) var í desember. Fjórði bekkur fór á leiksýninguna Mamma klikk. Fyrirhugað er að fá Kolbrúnu jafnréttisfulltrúa Reykjavíkurborgar í mars með fyrirlestur um klám fyrir 7. – 10. bekk. Það er verið að skoða leiksýningu fyrir 9. bekk. Kannað var með áhuga á sýningunni Aladín sem Verslunarskóli Íslands er að setja upp en ekki var almennur áhugi fyrir því. Foreldrafélagið ætlar að skoða áfram hvaða sýning gæti hentað.